



Reykjavík, 04.10.2019  
ej/ha/jp/hb

Orkustofnun  
Orkugarði, Grensásvegi 9  
108 Reykjavík  
[os@os.is](mailto:os@os.is)

## Efni: Umsögn Veitna ohf. um Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028

Veitur vilja þakka Landsneti undirbúning Kerfisáætlunar 2019-2028 (KÁ) þar sem auðvelt er að koma auga á með hvaða hætti tekið er tillit til athugasemda umsagnaraðila við tillögu að KÁ.

Framundan eru orkuskipti í samgöngum og Veitur leggja áherslu á að ekki sé offjárfest í flutningskerfi raforku sem leiði til hækkunar á flutningsgjaldi. Hækkun flutningsgjalds getur haft þær afleiðingar að hægja á orkuskiptum í samgöngum og í iðnaði. Að öðru leyti eru athugasemdir Veitna reifaðar hér að neðan.

### Hagsmunir vatnsverndar í Heiðmörk

Veitur ohf. reka vatnsveitur í Reykjavík, á Vesturlandi og á Suðurlandi skv. sérleyfi og bera einnig ábyrgð á vernd vatnsbóla á þessum svæðum. Veitum ber að byggja upp og reka hagkvæm veitukerfi, þ.á.m. vatnsveitur, með öryggi, umhverfissjónarmið og langtímaþarfir viðskiptavina að leiðarljósi. Innan höfuðborgarsvæðisins eru vatnsból Veitna í Heiðmörk; í Gvendarbrunnum, Vatnsendakrikum og á Myllulækjarsvæði. Vatnsból Veitna og annarra í Heiðmörk sjá 64% landsmanna fyrir drykkjarvatni og þar af dreifa Veitur vatni frá vatnsverndarsvæðinu til um 41% landsmanna.

Veitur leggja ríka áherslu á að mikið er í húfi þegar um er að ræða neysluvatn fyrir meirihluta landsmanna. Slyss og óhöpp á vatnsverndarsvæðinu geta valdið mengun sem hefur áhrif á notagildi vatnsbólanna til langs tíma og jafnvel óafturkræf áhrif á vatnsbólin. Það er því stefna Veitna að vatnsverndin eigi ávallt að njóta vafans þegar kemur að ákvörðunum um framkvæmdir sem geta valdið mengun eða haft áhrif á vatnsverndarsvæðin.

### Umfjöllun um umhverfisáhrif Lyklafellslínu 1 í Kerfisáætlun 2019 - 2028

Veitur gera athugasemdir við kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum Landsnets á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og telja að mat á öðrum kostum, umfjöllun um mikilvægi vatnsbóla og umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í KÁ sé ekki nógu ítarleg.

Í kafla 2.5. í framkvæmdaáætlun Kerfisáætlunar Landsnets 2020-2022 er gerð grein fyrir byggingu nýrrar 220 kV loftlínu frá nýju tengivirki við Lyklafell (Lyklafellslína 1) og að tengivirkinu í Hamranesi. Samkvæmt kafla 3.5.4. í framkvæmdaáætluninni var verkefnið upprunalega afgreitt í kerfisáætlun 2015 – 2024 en í kjölfar niðurstöðu úrskurðanefndar





umhverfis- og auðlindamála var framkvæmdaleyfi Hafnarfjarðarbæjar felld úr gildi og framkvæmdum við línulögnina frestað í framhaldinu. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á síðari hluta árs 2022 og að þeim ljúki með spennusetningu í byrjun árs 2024. Línuleiðin er samsíða núverandi 220 kV Búrfellslínu 3 og bygging línunnar mun tryggja möguleika á niðurrifi Hamraneslínu 1 og 2. Samkvæmt þessum áformum mun línan því liggja yfir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Í umhverfisskýrslu Kerfisáætlunar er gerð grein fyrir vægi umhverfisþátta á framkvæmdasvæði línunnar og helstu umhverfisþátta. Þar kemur fram að gildi vatnsverndar er hátt á línuleiðinni, en helstu umhverfisáhrif línunnar eru talin vera á landslag og ásýnd, auk mögulegra neikvæða áhrifa á ferðaþjónustu, lífríki og vatnafar.

Í KÁ er kynntur aðalvalkostur Landsnets, þar sem raflína liggur samsíða Búrfellslínu 3, en vísað er til valkostagreiningar í Kerfisáætlun 2018 þar sem bornir eru saman tveir valkostir, annars vegar 220 kV loftlína samhliða Búrfellslínu 3 og hins vegar 220 kV jarðstrengur meðfram Bláfjallavegi. Vinna við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar er ekki hafin, en fram kemur að fjallað verði um aðra kosti í mati á umhverfisáhrifum.

Veitur telja að forðast eigi eftir fremsta megni framkvæmdir á grann- og brunnsvæði vatnsverndar vegna hættu á mengun vatnsbólanna. Slíkar framkvæmdir séu eingöngu viðunandi sé sýnt fram á að aðrir valkostir (þ.e. aðrar línuleiðir) séu með öllu ófærir. Ítarleg umfjöllun um aðra valkosti eigi að fylgja framkvæmdaáætluninni, þ.á.m. greining á valkosti sem ekki liggur á vatnsverndarsvæði og að umhverfisáhrif annarra valkosta, utan grann- og brunnsvæða vatnsverndar, skuli metin til jafns við aðalvalkost Landsnets.

Mikilvægt er að í umhverfisskýrslu KÁ sé fjallað ítarlega um áhrif framkvæmda á vatnsvernd. Efni sem berast í jörð geta borist í grunnvatn og þaðan inn á áhrifasvæði vatnstökustaða. Sama gildir um mengun á yfirborði. Því er mikilvægt að meta möguleg áhrif framkvæmda á aðrennslissvæði grunnvatns til vatnsbóla. Ofangreindir þættir ættu að mati Veitna að liggja til grundvallar mati á umhverfisáhrifum á Lyklafellslínu 1 og valkostagreiningu.

### **Nýjar niðurstöður rannsókna á vatnsverndarsvæðum**

Við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda innan vatnsverndarsvæða Höfuðborgarsvæðisins hefur verið stuðst við grunnvatnslíkan Vatnaskila, en þá einungis til að meta útbreiðslu á vatnsleysanlegu mengunarefni eftir að það hefur borist í grunnvatn. Hingað til hefur vantað mat á olíumengun. Olía er ekki vatnsleysanleg og því hefur ekki verið tekið tillit til lykilorða eins og eðliseiginleika olíu. Forsendur til mats á umhverfisáhrifum hafa breyst með tilkomu nýs olíudreifilíkans og nákvæmum hæðargögnum af öllum vatnstöku- og vatnsverndarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu.

Olíudreifilíkan Vatnaskila, þróað árið 2019, tekur tillit til eðliseiginleika olíu og getur hermt útbreiðslu hennar frá mengunarstað, niður í gegnum jarðveg og jarðlög og þar til hún berst í grunnvatn og þaðan að vatnstökusvæðum. Olíudreifilíkanið hefur verið nýtt til að herma áhrif olíuslysa á aðrennslissvæðum vatnsbóla Veitna í Heiðmörk. Niðurstöður sýna að olíumengun er lengi viðloðandi í efri jarðlögum og getur haft meiri langvarandi áhrif á grunnvatnið en hingað til hefur verið talið. Olíuslys kallar því á óviðunandi langtímaáætlun vatnsöflunar. Einnig sýna niðurstöður að umhverfisaðstæður og jarðvegur á slysstað geta verið ráðandi þættir um útbreiðslu og áhrif olíumengunar sem og mögulegan viðbragstíma. Berist olía í umhverfi í kringum sprungin jarðlög geta komið



upp aðstæður þar sem enginn tími er fyrir hendi til að hreinsa olíu af yfirborði og úr efstu jarðlögum.

Árið 2018 var aflað nákvæmra LiDAR hæðargagna á vatnstöku- og vatnsverndarsvæðum Veitna á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er mjög þétt ljósmælt hæðarpunktský, þar sem hver hæðarpunktur er með nákvæmni innan við 10 cm í hæð og fleti. Hæðargögnin bjóða upp á nákvæmar greiningar á hæð, formi og lögun umhverfis, bæði með og án gróðurs. Gögnin fela í sér einstakt tækifæri til að greina sprungur og aflögun yfirborðs á fyrirhuguðu athafnasvæði og í kringum það. Veitur telja að kortlagning og greiningar á sprungum við fyrirhuguð framkvæmdasvæði þurfi að liggja fyrir við valkostagreiningu og bjóðast til að miðla LiDAR hæðargögnunum í slíka vinnu.

Veitur bjóða einnig aðgang að nýjum niðurstöðum á hermun olíuslysa á aðrenslissvæðum vatnsbóla þannig að bæta megi greiningar á valkostum, mat á umhverfisáhrifum og útfærslu viðbragðs- og mótvægisáðgerða. Veitur benda á að með tilkomu olíudreifilíkansins stóreykst áreiðanleiki líkans Vatnaskila við mat á áhrifum mengunarslysa á umhverfi.

### **Áhrif framkvæmdaáætlunar 2020-2022 á dreifikerfi Veitna**

Tenging flutningskerfis Landsnets við dreifikerfi Veitna á höfuðborgarsvæðinu er um þrjár aðveitustöðvar; Korpu, Geitháls og Hamranes. Forsenda kerfisrekstursins (N-1 reglunnar) er að ein þessara leiða geti brugðist án þess að það hafi áhrif á afhendingaröryggi.

Veitur fagna að á framkvæmdaáætlun Landsnets sé endurnýjun Korpulínu 1 og Rauðavatnslínu 1. Endurnýjun þessara lína mun koma í veg fyrir myndun flöskuhálsa við flutning raforku að höfuðborgarsvæðinu og auka afhendingaröryggi.

Veitur fagna jafnframt nýjum streng á milli Akraness og Brennimels sem mun auka afhendingaröryggi á Akranesi. Þrátt fyrir að Akranes sé í dag með tvöfalda tengingu mun nýr jarðstrengur auka afhendingaröryggi og getu á svæðinu.

Veitur fagna því að Suðurnesjalína 2 sé á framkvæmdaáætlun þar sem ekki er mögulegt að reka 132 kV kerfi á höfuðborgarsvæðinu sambundið vegna orkuflutnings í gegnum kerfi Veitna í ákveðnum rekstrartilfellum. Lagning hennar mun auka afhendingaröryggi á höfuðborgarsvæðinu og léttu álagi af kerfi Veitna.

Veitur telja að þörf sé á að endurnýja tengivirkið við Korpu. Það er komið til ára sinna og er útsett fyrir seltu og mengun vegna umferðar.

Veitur telja jafnframt að þörf sé á frekari styrkingu í 220 kV kerfinu að höfuðborgarsvæðinu miðað við þær tölur sem Landsnet birtir um afhendingargetu á forgangsafli.

### **Langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku.**

Í köflum 3.1.1. og 2.2 er ósamræmi í umfjöllun um mögulega aflgetu á höfuðborgarsvæðinu. Ýmist er fjallað um að ekki sé mögulegt að afhenda meira, 10-30 MW og/eða 0-10 MW. Þörf er á að samræma þessa framsetningu svo skýrt sé hvert rými til álagsaukningar í Hamranesi, Korpu og Geithálsi er á næstu árum.

Aukning á almennri álagsnotkun miðað við raforkuspá á höfuðborgarsvæðinu er umfram uppgefna aflgetu í kerfisáætlun og Veitur leggja áherslu á að samfara aflaukningu verði



220/132 kV spennum næst höfuðborgarsvæðinu skipt út ásamt því að hugað verði að styrkingu Kolviðarhólslínu 1.

Virðingarfyllt,

---

Gestur Pétursson  
framkvæmdastjóri Veitna